

Alþingi
Erindi nr. P 139/62
komudagur 1.11.2010



Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29.10.2010
Tilvísun: 2010-0018

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglan um hámarksmagn transfitúsýra í matvælum, 11 mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um setningu reglan um hámarksmagn transfitúsýra í matvælum, 11 mál.

Alþýðusambandið styður markmið tillögunnar um að settar verði reglur um hámarksmagn transfitúsýra í matvælum og mælir með samþykki hennar.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Henný Hinz
hagfræðingur



Þegar mest á reynir

Alþingi
Erindi nr. P 139/64 www.hjukrun.is
komudagur 1.11.2010
Reykjavík 1. nóvember 2010

Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarksmagn transfitúsýra í matvælum

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga þakkar beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarksmagn transfitúsýra í matvælum.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga lýsir yfir ánægju sinni og fullum stuðningi við setningu reglna um hámarksmagn transfitúsýra í matvælum sem miða að því að auðvelda fólki að draga úr neyslu transfitúsýra. Sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að jafn mikil neysla transfitúsýra í matvælum eins og er hér á landi eykur líkur á sjúkdómum eins og sykursýki 2 og hjarta og æðasjúkdómum.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga styður þingsályktunartillöguna þar sem reglurnar eru settar á grundvelli heilbrigðissjónamiða og í fullu samræmi við stefnu félagsins í forvörnum og heilsueflingu landsmanna.

Með kveðju.
F.h. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir, RN, MSc
Sviðstjóri fagsviðs
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Alþingi
nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 3. nóvember, 2010

Varðar: Umsögn vegna þingskjals nr. 11- 11 mál. Tillaga til þingsályktunar um setningu reglna um hámarks magn tranfitusýru í matvælum.

Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga vinnur að velferðar og forvarnarmálum ásamt fræðslu um hjartasjúkdóma og voru stofnuð þann 8. október 1983. Samtökin hafa í starfi sínu lagt mikla áherslu á kynningu á hjartasjúkdómnum, forvarnir, lækningu og endurhæfingu. Hjartaheill hefur gefið út mikið kynningarefni vegna alls þessa til áratuga. Í því sambandi má m.a.t.d. benda á bæklinginn „Hjartasjúkdómar, varnir – lækning – endurhæfing“. Í honum er í stuttu máli fjallað um áhættuþætti æðakölkunar, helstu hjartasjúkdóma, einkenni þeirra, algengar rannsóknir og meðferð. Þá er lögð áhersla á þá möguleika sem felast í hjartaendurhæfingu. Hjartaheill hafa oft á ferli sínum lagt lið málefnum sem horft hafa til framfara til að draga úr líkum á hjartasjúkdómum og lækka tíðni þeirra.

Rannsóknir sýna að neysla á transfitusýrum eykur líkur á hjarta- og æðasjúkdómum mun meira en inntaka á annarri harðri fitu. Það er ekki nóg með að neysla á transfitusýrum hækki hlutfall óæskilegrar blóðfitu (LDL-kólesteról) heldur lækkar hún líka magn jákvæðrar blóðfitu (HDL-kólesteról). Því fagnar Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga fyrirliggjandi þingsályktunartillögu um setningu reglna um hámarks magn transfitusýru í matvælum.

Virðingarfyllst



Sveinn Guðmundsson, hrl.
varaformaður Hjartaheilla.



Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 03.11.2010
Tilv. 019/2010 - 06.01.00
JÐH

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarksmagn transfitusýra í matvælum, 11. mál.

Lýðheilsustöð hefur í tvígang veit umsögn um þingsályktunartillögu um setningu reglna um hámarksmagn transfitusýra í matvælum. Erindið hefur jafnan verið borið undir fulltrúa manneldisráðs sem er eitt af sérfræðiráðum Lýðheilsustöðvar. Stofnunin er sama sinnis og áður og **ítrekar stuðning** sinn við ofangreinda tillögu. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni getur neysla á transfitusýrum haft skaðleg áhrif á heilsu, ekki síst vegna áhrifa á kólesteról í blóði.

Eins og fram kemur í fyrri umsögnum var neysla á transfitusýrum árið 2002 samkvæmt landskönnun á mataræði Íslendinga (Steingrímsdóttir ofl., 2003) nokkuð yfir þeim mörkum sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur talið æskileg en neyslan var að meðaltali 3,5 g eða 1,4 % orkunnar en ætti að hámarki að vera 1 % orkunnar. Sömuleiðis þó að nýlegar niðurstöður mælinga á trans-fitusýrum (<http://www.lydheilsustod.is/frettir/naering-og-holdafar/nr/2932>) í þó nokkrum fjölda innlendra matvæla sýni að magn trans-fitusýra hafi lækkað frá síðustu mælingum eru viss matvæli t.d. smjörlíki, borðsmjörlíki, bökunarvörur, jurtaís og snakk frá ákveðnum framleiðendum, enn með umtalsvert magn transfitusýra.

Hafist var handa við nýja landskönnun á mataræði í september 2010 og kemur gagnasöfnun til með að ljúka í apríl 2011. Áætlað er að niðurstöður liggi fyrir haustið 2011. Þegar sá hluti gagna sem kominn er í hús í lok október 2010 (u.þ.b. fjórði hluti gagna) er skoðaður koma í ljós vísbendingar um að meðalneysla á transfitusýrum hafi lækkað talsvert frá árinu 2002 en gögnin benda einnig til að ákveðinn hluti fólks neyti meira af trans-fitusýrum en þau viðmið sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur birt. Sérfræðingar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar telja að skerpa þurfi á ráðleggingum varðandi trans-fitusýrneyslu (Uauy ofl., 2009). Í stað þess að miða við að dagleg meðalneysla trans-fitusýra, sé innan við 1% af heildarorku að þá sé miðað við að neysla alls þorra einstaklinga á trans-fitusýrum sé innan við 1 % af heildarorku. Átla má að meðan að vörur eru á markaði sem innihalda talsvert magn af trans-fitusýrum þá komi ákveðinn hluti fólks til með að neyta þeirra og einhverjir í of miklu magni

Árangur Dana varðandi lagasetningu um hámarks magn trans-fitusýra í matvælum sýnir að það er vel mögulegt að komast hjá notkun trans-fitusýruríkrar fitu í matvælaíðnaði. Sömuleiðis sýna niðurstöður mælinga á trans-fitusýrum hér á landi að það er vel hægt að framleiða matvæli án trans-fitusýra þar sem vörur innan sama vöruflokks innihalda mismikið magn trans-fitusýra. Það er því ekki verið að setja óeðlilegar eða óyffirstíganlegar þvinganir á innlendan matvælaíðnað verði af setningu slíkra reglna hér á landi. Rétt er þó að ítreka að það skiptir máli hvaða fitusýrur koma í stað trans-fitusýranna og er æskilegast að það sé sem mest ómettuð fita en ekki mettuð fita, sem oft er notuð í staðinn þegar hert fita, sem inniheldur trans-fitusýrur, er tekin úr vörum. Samhliða setningu reglna þarf því að auka fræðslu til iðnaðarins og almennings um samsetningu og eiginleika fæðunnar. Jafnframt þarf að auka fjármagn til matvælaeftirlits og efnagreininga á trans-fitusýrum þannig að hægt sé að framfylgja reglunum.


Athugasemdir varðandi greinargerð með þingsályktunartillögum:


Í greinargerð sem fylgdi tillögum er á köflum fullsterkt til orða tekið. Sem dæmi má nefna síðustu setningu greinargerðarinnar “enda má ætla að fjölmargir Íslendingar séu í bráðri hættu vegna ofneyslu á transfitusýrum”. Þetta er ekki spurning um bráða hættu heldur frekar áhrif af neyslu transfitusýra yfir lengri tíma. Einnig má nefna að merkingarreglugerðir hér á landi eru þær sömu og hjá Evrópusambandslöndum, en í þeim löndum er enn ekki skylda að merkja vörur með næringargildismerkingu. Lýðheilsustöð telur þó mikilvægt að það verði gert að skyldu hér á landi.

Heimildir:

Steingrimsdóttir L, Þorgeirsdóttir H, Ólafsdóttir A.S. (2003). Hvað borða Íslendingar? Könnun á mataræði Íslendinga 2002. Helstu niðurstöður. Reykjavík: Rannsóknir Manneldisráðs Íslans V.

Uauy R., Aro A., Clarke R., Ghaffoorunissa, L'Abbé M.R., Mozaffarian D., Skeaff C.M., Stender S., and Tavaella M. (2009). WHO Scientific Update on trans fatty acids: summary and conclusions. Eur J Clin Nutr, 63, S68-S75; doi:10.1038/ejcn.2009.15. (<http://www.nature.com/ejcn/journal/v63/n2s/index.html>)


Hólmfríður Þorgeirsdóttir
verkefnisstjóri næringar


Margrét Björnsdóttir
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 139/60
komudagur 1.11.2010

Nefndasvið Alþingis
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 1. nóvember 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámark transfitúsýra í matvælum, 11. mál.


Neytendasamtökin fagna tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarks magn transfitúsýra í matvælum og telja löngu tímabært að stjórnvöld gripi til aðgerða.

Neytendasamtökin hafa ítrekað hvatt til þess að íslensk stjórnvöld fari að dæmi Dana og setji reglur sem takmarka magn um transfitúsýrur í matvælum og var erindi þess efnis var sent til umhverfisráðherra og heilbrigðisráðherra í janúar 2007. Neytendasamtökin hafa einnig sent jákvæðar umsagnir við fyrri þingsályktunartillögur sama efnis.

Neytendasamtökin hvetja Alþingi til að hafa hagsmuni neytenda að leiðarljósi og láta lýðheilsusjónarmið ráða för líkt og Danir hafa gert. Transfitúsýrur eru ekki nauðsynlegar í matvælaframleiðslu og margir framleiðendur hafa breytt framleiðsluháttum sínum á undanförunum árum. Það er óumdeilt að transfitúsýrur eru óhollar og því er ábyrgðarhluti hjá stjórnvöldum að aðhafast ekkert í þessu máli.

Eflaust verður þróunin sú að svokallaðar iðnaðarframleiddar transfitúsýrur verði alfarið bannaðar en íslenskir neytendur eiga ekki að þurfa að bíða eftir tilskipun frá Evrópusambandinu. Íslensk stjórnvöld geta tekið af skarið og ber skylda til þess að mati Neytendasamtakanna.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendasamtakanna


Brynhildur Pétursdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 139/134
komudagur 8.11. 2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarks magn transfitusýra í matvælum, 11. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins taka heils hugar undir það sjónarmið að takmarka beri innihald transfitusýra í matvælum eftir föngum. Að því hefur matvælaíðnaðurinn, bæði hér á landi og annars staðar, unnið hörðum höndum á undanförunum árum.

Samtökin hafa tvívegis áður gert athugasemdir við samhljóða þingsályktunartillögu, 20. mars 2009 og 24. mars 2010 og vísa til þeirra umsagna.

Samtökin ítreka að samkvæmt mælingum Matís hefur dregið mjög úr transfitusýruinnihaldi matvæla á Íslandi á undanförunum árum, sjá tilvitnanir í fyrri umsögnum.

Í skýrslu Lýðheilsustöðvar um landskönnun á mataræði 2002 kemur fram að neysla á transfitusýrum hafi verið 3,5 g/dag árið 2002. Í ljósi fitusýrugreininganna sem vitnað er í að framan má telja að neysla transfitusýra sé nú breytt. Lýðheilsustöð vinnur nú að nýrri neyslukönnun og munu niðurstöður hennar skera úr um neyslu landsmanna á transfitusýrum.

Samtökin leggja til að beðið verði eftir þeim niðurstöðum áður en ákvörðun verður tekin um setningu reglna um hámarksinnihald transfitusýra.

Virðingarfyllst,

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Pétur Reimarsson,
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Ragnheiður Héðinsdóttir,
forstöðumaður matvælasviðs

Alþingi
Erindi nr. P/139/63
komudagur 3. 11. 2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 3. nóvember 2010
RH/SLB/037/2010

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um setningu reglna um hámarksmagn
transfitusýra í matvælum – 11. mál.**

Vísað er til tölvubréfs dags. 28. október 2010 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Stofnunin hefur ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Sigríður Líllý Baldursdóttir
forstjóri